

Kópavogsbær

Dags 22. apríl 2021

Samtök um karlaathvarf óska eftir fjárhagsstuðningi frá Kópavogsbæ

Samtök um karlaathvarf voru stofnuð 16. maí 2018. Þá var löngu orðið ljóst að gríðarleg þörf er á sambærilegri þjónustu við karlmenn og kvenmenn ganga að vísri. Karlmenn sem eru þolendur ofbeldis þurfa að geta leitað í skjól, fengið sálfræði- og lögfræðiaðstoð og haft í einhver hús að leita þurfi þeir að flýja ofbeldi af heimili sínu.

Núverandi úrræði, s.s. Bjarkarhlíð, hefur ítrekað vísað karlkyns þolendum á úrræði fyrir „gerendur ofbeldis“ og karlmenn ekki fengið þá þjónustu sem auglýst er líkt og kvenkyns þolendur sem þangað leita.

Undanfarin ár hefur sá hópur sem stendur að Karlaathvarfinu stutt við þolendur ofbeldis. Safnað hefur verið saman gögnum um ofbeldi gagnvart karlmönnum en lítil eða engin áhersla hefur verið á rannsóknir tengdar ofbeldi gegn karlmönnum í íslensku samfélagi.

Þörf verkefni framundan

Það er nauðsynlegt að láta framkvæma rannsóknir á stöðu mála á Íslandi þegar kemur að ofbeldi gegn karlmönnum og börnum þeirra, standa fyrir kynningarstarfi á þjónustunni og veita stuðning fyrir karlmenn, snúa við þeim ranghugmyndum sem byggðar hafa verið upp í íslensku samfélagi um að karlmenn séu aðallega gerendur ofbeldis, en rannsóknir sýna að karlmenn eru ekki síður þolendur ofbeldis en konur.

Það þarf nauðsynlega að veita karlkyns þolendum stuðning í formi sálfræðiþjónustu og lögfræðiþjónustu ásamt aðstoða börn þeirra að vinna úr því andlega ofbeldi sem þau verða vitni að gegn föður af hendi maka. Loks er nauðsynlegt að samtökin eignist húsnæði svo hægt sé að styðja við þolendur og koma þeim í skjól.

Ein birtingarmynd ofbeldis gagnvart karlmönnum er sú ranga staðalímynd sem hefur verið dregin upp af fjölmiðlum og jafnvel af opinberum stofnunum, s.s. Jafnréttisstofu, þar sem eingöngu karlmenn eru málaðir upp sem gerendur og konur þolendur. Slíkt er hættulegt og minnkar líkur á að karlmenn þori að leita sér aðstoðar. Þessari óhugnanlegu þróun verður að snúa við með kynningarátaki þar sem karlmenn eru upplýstir um að þeir geti leitað sér aðstoðar. Það þarf að hrekja burt ranghugmyndir um að karlmenn séu ekki þolendur ofbeldis, sem dregur úr vilja þeirra til að tjá sig um raunir sínar.

Eitt af verkefnum Samtaka um karlaathvarf verður því að vekja athygli á röngum staðalímyndum af karlmönnum. Gagnrýna þann kynjahalla í unmræðunni og það andlega ofbeldi sem viðgengst gegn karlmönnum í fjölmiðlum. Vel eru þekkt dæmi um að karlmenn sem eru þolendur hafi verið ranglega sakaðir um ofbeldi og fjölmiðlar tekið þátt í röngum ásökunum og meidyrðum gegn þeim.

Við óskum eftir að **bærinn** styðji fjárhagslega við samtökin og eðlilegt að svo sé, árlega, enda mikilvægt að gætt sé jafnræðis og að jafnrétti kynjanna á sviði stuðnings þolenda ofbeldis. Í reynd er núverandi staða, þar sem karlar hafa ekki í nein hús að leita, brot á jafnrétti í íslensku samfélagi. Stuðningur við karlaathvarf er bráðnauðsynlegur.

Til að stuðla að gegnsæi munu samtökin birta lista yfir alla þá sem fá ósk um fjárhagsstuðning sem og þann stuðnings sem veittur er þessu mikilvæga málefni.

Við bendum ykkur á fésbókarsíðu samtakanna: **www.facebook.com/karlaathvarf** (opnast einnig þegar farið er inn á heimasíðu samtakanna **www.karlaathvarf.is**)

Á síðunni eru tilvísanir í hundruðir rannsókna sem sýna að karlmenn eru álíka oft þolendur ofbeldis og konur. Meðal annars nýlegar rannsóknir frá Danmörku sem staðfesta að karlmenn verða jafn oft fyrir ofbeldi og konur á heimilum sínum. Úrræðaleysi, kolröng afstaða samfélagsins og skilningsleysi á stöðu karlmanna og barna þeirra veldur því að þeir segja síður frá ofbeldi sem þeir verða fyrir. Þessu verður að breyta og verður eingöngu gert með stóru átaki, umræðu um vandann og stuðningi við þolendur. Samtök um Karlaathvarf er þarft verkefni en krefst þess að opinberir aðilar veiti því brautargengi með fjárstuðningi.

Hægt er að fá fulltrúa samtakanna á fund til að ræða stöðu málaflokksins eða hafa samband í síma 866-8800 til að fá frekari upplýsingar.

Svar óskast með tölvupósti: karlaathvarf@gmail.com.

Með von um gott samstarf á komandi árum,

Fyrir hönd stjórnar Samtaka um karlaathvarf,

Ingunnur Þor Helgason
Þórunn J. Gunnarsson
Ólga J. Traustadóttir